

2. fundur Ungmennaráðs Dalabyggðar
23.03.2022

2. fundur Ungmennaráðs Dalabyggðar
haldinn í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, miðvikudaginn 23.03.2022
og hófst hann kl. 15:30

Fundinn sátu:

Dagný Sara Viðarsdóttir
Birna Rún Ingvarsdóttir
Katrín Einarsdóttir
Jóhanna Vigdís Pálmadóttir

Gestir fundar voru: Jón Egill Jónsson tómstundafulltrúi og Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Egill Jónsson

Dagskrá:

- | |
|--|
| <p>1. Íþróttastarf grunnskóla
Ráðið ræðir um núverandi stöðu varðandi íþróttakennslu í Auðarskóla.
Íþróttaaðstaðan er léleg en mjög ánægðar með íþróttakennaran, fatnaður er að skemmast á sviðinu, festist í timburgólfinu, búningaklefnir eru mjög lélegir, sleyp gólf og lélegar sturtur, alveg kraftlausar. Góð viðbót að fara í ræktina hjá Ólafi Pá. Teljum að krakkar á öllum aldri vilja frekar fá íþróttakennslu og sund inn að Laugum.
Niðurstaða
Samþykkt.</p> |
| <p>2. Brothættar byggðir (Íbúáþing)
Íbúáþing verður haldið í Dalabyggð 26.-27. mars nk.
Allur Auðarskóli fékk kynningu á verkefnum brothættar byggðir í gær 22. mars í skólanum.
Var beðið um hugmyndir frá nemendum og fengust margar hugmyndir. Ungmennaráð telur kynninguna hafa vakið nemendur til umhugsunar um framtíð Dalabyggðar.
Niðurstaða
Samþykkt.</p> |
| <p>3. Stefna starfsársins
Frestað á síðasta fundi. Ungmennaráð vinnur að stefnu starfsársins.
Leita eftir alþjóðlegum verkefnum, hægt að sækja um styrki fyrir þeim. Ungmennaráð vill halda kynningu í grunnskólanum og kynna starf ungmennaráðsins, svo nemendur verði betur upplýstir og vekja áhuga á að starfa í ungmennaráði. Hugmyndir af fræðslu fyrirlestrum, Sigga dög, andleg heilsa, líkamsvirðing, fræðsla um fyrirmyndir. Ungmennaráð sé meira með í ráðum varðandi þau mál sem snerta ungmenni í sveitarfélaginu, eins og íþróttamiðstöðin. Að ungmennaráði Dalabyggðar verði greidd laun fyrir nefndarstörf. Ungmennaráð stefnir á að vera virk á samfélagsmiðlum. Samstarf við félag eldri borgara. Efla jafningjafraeðslu.
Niðurstaða
Samþykkt.</p> |

BRI

ISV

JK

JR

4. Fréttir frá Ungmennahópi Vesturlands
Jóhanna Vigdís segir frá Ungmennahópi Vesturlands.
Mikið rætt að auka lífsleikni í skólum. Læra þar um kynjafræði, vímuefnafræðsla, andleg heilsa, fjármálalæsi, markmiðasetning. Andlegur styrktarþjálfari kemur 1 sinni í mánuði á snæfellsnesi. Krakkarnir þar mjög ánægðir með þá þessa tíma. Koma í veg fyrir krúttvæðingu. Ungmennaráð vill fá UNISEF kynningu á barnvænu samfélagi. Efla útisvæði, hjólaleiðir, göngustíga, gönguskíði. Tala við umboðsmann barna um barnvænt samfélag. Hugmynd af halda vika 6. Árleg vika kynheilbrigðis í skólum og félagsmiðstöðum. Heilsustígur. Æskulýðssjóður hjá dalabyggð. Frambjóðendur og alþingismenn mættu og tóku þátt í umræðuni.
Niðurstaða
Samþykkt


5. Sveitarstjórnarkosningar 2022
Nefndin ræðir áherslur unga fólksins.
Að íþróttamannvirkin verði að veruleika sem fyrst. Barnvænt samfélag, styrkja útivæði.


Niðurstaða
Samþykkt


6. Fundað með sveitarstjórn
Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn fyrir næsta fund hennar, 5. apríl nk.
Vilja ræða íþróttamannvirkin, barnvænt samfélag, öflugra útisvæði. Vilja virkari lífsleiknitíma.


Niðurstaða
Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45


Nafn


Nafn


Nafn


Nafn